


Október

Skífan sýnir himininn eins og hann birtist okkur milli 22 og 00 í október. Haltu kortinu uppréttu fyrir framan þig. Stjörnumerkin á miðju kortinu eru hæst á lofti (beint fyrir ofan þig). Ef þú horfir í suður skaltu snúa kortinu þannig að suðurhluti kortsins snúi að þér. Notaðu bjartar stjörnur og mynstur til að hjálpa þér að átta þig á himninum.

1. október kl. 00:00
15. október kl. 23:00
31. október kl. 22:00



Messier 2: M2 (NGC 7089) er kúlupyrping í stjörnumerkinu Vatsnberanum. Pyrpingin er í um 37.500 ljósára fjarlægð frá sólkerfinu sem er hér um bil 50% lengri vegalengd en að meðju Vetrarbrautarinnar. Í pyrpingunni eru um 150 þúsund stjörnur. Hún er um 175 ljósár í þvermál og því með stærstu kúlupyrpingum sem þekkjast. Hún er auk þess þétt og sporöskjulaga. Pyrpingin er um 13 milljarða ára. M2 sést sem daufur þokublettur um 5° norðan við stjörnuna Sadalsund í Vatsnberanum. Pyrpingin er það björt að hún sést auðveldlega bæði í handsjónauka og stjörnusjónauka. Hægt er að sjá einstaka stjörnur í meðalstórum sjónauka en fjarlægð hennar gerir það að verkum að stóran sjónauka þarf til að greina stjörnurnar vel í sundur. **Messier 15:** M15 (NGC 7078) er kúlupyrping í stjörnumerkinu Pegasusi. M15 er í um 35.000 ljósára fjarlægð frá jörðinni og er 175 ljósár í þvermál. Heildarljósafi hennar er 360.000 sinnum meira en sólar. M15 er ein þéttasta kúlupyrping sem vitað er um en stærsti hluti massans er í kjarna hennar. Pyrpingin telur rúmlega 100.000 stjörnur. Auðvelt er að finna M15 en gott er að stöðjast við stjörnukort af Pegasusi. Finna þarf stjörnuna Beta Pegasi og Enif. Dregin er bein lína frá Beta Pegasi yfir Enif að Messier 15.

